

Hæstvirtur matvælaráðherra
Svandís Svavarsdóttir

Reykjavík 10. júlí 2023

ÁSKORUN

frá stjórn LANDSSAMBANDS SMÁBÁTÆIGENDA

Stjórn LS skorar á matvælaráðherra að endurskoða ákvörðun sína er varðar beiðni LS um auknar veiðiheimildir til strandveiða. Vísar stjórnin m.a. til mikilvægi þeirra og hins mikla áhuga sem strandveiðum er sýndur. Þetta á jafnt við sjómenn, fiskkaupendur, vinnsluaðila og eftirspurn frá mörkuðum. Strandveiðar geta á þann hátt brúað það tímabil sem stóru fyrirtækin loka vegna sumarleyfa fram að næsta fiskveiðiári.

Stjórn LS minnir á að engin fordæmi eru fyrir því að ekki hafi verið bætt við aflaheimildum til strandveiða þegar sambærileg staða hefur komið upp.

Í svari Matvælaráðuneytisins 6. júlí sl. við erindi LS segir að „ráðuneytið hafi ekki lagaheimild til að fallast á fyrrgreint erindi sambandsins samkvæmt þeim málflutningi sem þar kemur fram.“

Stjórn LS harmar þá niðurstöðu, en bendir á að ákvæði um magn aflaheimilda til byggðakvóta eru ákveðnar í reglugerð. Heimildir þessar hafa ár eftir ár ekki verið að fullu nýttar. Að óbreyttu verður yfirstandandi fiskveiðiár engin undantekning. Breyting á reglugerð eins og gerðar hafa verið á undanförunum árum kæmi þannig í veg fyrir ótímabæra stöðvun strandveiða.

Stjórn LS vekur athygli ráðherra á að veiðiheimildir til VS-afla í þorski hafa ekki verið fullnýttar á undanförunum árum og verða það ekki á yfirstandandi fiskveiðiári. Strandveiðar til ágústloka leiða því ekki til þess að afli verði umfram það sem ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar kveður á um.

Stjórn LS minnir á að samkvæmt ákvæði laga um stjórn fiskveiða er hverju skipi heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.

Jafnframt að „Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagn í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu.“ Aflamagn sem tiltekið er í reglugerð sem ráðherra getur breytt.

Með skírskotun til þessa er það ósættanlegt að strandveiðar standi einungis yfir í hluta tímabilsins.

Það er skoðun stjórnar LS að það sem hér hefur verið tilgreint sé í öllu falli nægjanlegt til að verða við áskorun LS. Tryggja jafnan rétt allra byggðarlaga landsins í strandveiðum og koma í veg fyrir atvinnumissi þúsund einstaklinga sem snerta mun þrisvar sinnum fleiri.


Frá því tækni í miðlun upplýsinga gegnum, Facebook, tölvupósta og heimasíður hóf innreið sína hefur aldrei ríkt jafnmikill samhljómur í skoðunum sjómanna um ástand þorsstofnsins. Þar skiptir engu hvort spurningu þess efnis sé beint til togarasjómannanna eða sjómanna á smábátum, svör eru öll á þann veg að það sé þorskur um allan sjó.

Við endurmat Hafrannsóknastofnunar í mars sl. á stærð viðmiðunarstofns þorsks fyrir árið 2022 reyndist hann rúmum 7% stærri en áætlað hafði verið ári fyrr. Stjórn LS telur mælinguna samsvara upplifun sjómanna og séu skýr skilaboð um vanveiði sem hægt er að koma í veg fyrir með auknum veiðum.

Að lokum vill stjórn LS benda á þá staðreynd að strandveiðimenn eru ævinlega látnir mæta afgangi þegar kemur að úthlutun veiðiheimilda. Það er nóturlegt í ljósi þess að strandveiðikerfið er eini glugginn í fiskveiðikerfinu þar sem einstaklingum gefst færi á því að reyna fyrir sér við fiskveiðar í atvinnuskyni, án þess að þurfa að kaupa eða leigja veiðiheimildir á verðum sem fæstir ráða við og eru í þokkabót ófáanlegar.

Strandveiðikerfið var sett á fót í kjölfar úrskurðar frá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2007. Það er löngu kominn tími til að ganga þannig frá málinu að sómi sé að.

Fh. stjórnar LS


Arthur Bogason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri